

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 2
Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Grímsey. 29. febr.

Með bréfi, dags. 4. júlí f. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu til lögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvikjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Grímsey, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Grímsey, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Sandvíkurhraun að norðan, Borgarhöfði að sunnan og sýsluvegurinn að austan, að öðru leyti sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um toll af reimhjólum. 3
29. febr.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir úrskurðað, að reimhjól skuli tollast undir nr. 32 í 72. kafla tollskrárinnar og bera því vörumagnstoll 2 aura af kg og 8% verðtoll.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um aðflutningsgjald 4
af kassaefni. 1. marz

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að aðflutningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings skuli innheimt svo sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en svo, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Tollurinn af kassaefninu verður því: Vörumagnstollur 10 aurar af 1 fet³ og 8% verðtollur.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um skipt- 5
ingu Borgarsóknar í Mýraprófastsdæmi í tvær sóknir. 13. marz

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun héraðsfundar Mýraprófastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfum dags. 22. nóv. f. á. og 12. f. m., og með skírskotun til laga nr. 45 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess, að núverandi Borgarsókn í Mýraprófastsdæmi skiptist í tvær sóknir, Borgarsókn og Borgarnessókn frá síðustu áramótum að telja. Nái Borgarnessókn yfir Borgarneskauptún og Bjarg, en Borgarsókn yfir aðra bæi Borgarsóknar.

Að öðru leyti eru sett þau ákvæði um skiptinguna:

1. Að Borgarnessókn hafi afnot af Borgarkirkju til kirkjulegra athafna, svo sem fermingu barna, jarðarfara, skirnar og hjónavígslu, þar til kirkja verður reist